

**LEB****Landssamband eldri borgara**

Langholtiðvegur 111, 104 Reykjavík  
KT: 600989-4059; Fax: +3545515835  
Símar: +3545677111/ +3546986250  
Netfang: leb@leb.is  
Heimasíða: www.leb.is

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 138/1403*  
*komudagur 26.3.2010*

Reykjavík 26. Mars 2010

**Umsögn um Frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 með síðari beytingum 288. mál þskj. 332.** Umsögn um frumvarp um lífeyrissjóði. Flutt af þingmönnum úr Framsóknarflokki, Samfylkingu og Hreyfingu.

Landssamband eldri borgara telur að auka þurfi lýðræði við stjórnun lífeyrissjóða í landinu. Umrætt frumvarp þingmanna úr þremur flokkum gengur í þá átt. Í dag eru stjórnir lífeyrissjóða í höndum fulltrúa verkalýðshreyfingar og vinnuveitenda, jafnmargra fulltrúa frá hvorum aðila. Frumvarpið kveður á um að launþegar fái meirihluta í stjórnun lífeyrissjóða, 3/5 fulltrúa á mótum 2/5 frá vinnuveitendum. Allir sjóðfélagar fái atkvæðisrétt á aðalfundum lífeyrissjóðanna. Þessar tillögur virðast til bóta og mundu auka lýðræði í lífeyrissjóðum.

LEB leggur þó til breytingar á 3. gr a. lið. Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum með umræðu- og tillögurétti. Atkvæðisrétt á fundinum hafa allir þeir sjóðfélagar sem greitt hafa í sjóðinn fyrir síðustu áramót. ( þar kæmi viðbót) **og sjóðfélagar sem vegna aldurs greiða ekki lengur í sjóðinn en fá úr honum lífeyri.** Hver sjóðfélagi fer með eitt atkvæði o.s.frv.

#### **Greinargerð :**

Þeir sjóðfélagar sem greitt hafa í sjóðinn árum saman en eru byrjaðir töku lífeyris eiga að vera jafn gildir og aðrir sem greitt hafa fyrir síðustu áramót, e.t.v. bara verið eitt ár í sjóðnum. Það er réttlætismál að eldri borgarar hafi eitthvað um það að segja hvernig farið er með fjármuni sjóðsins.

Hvað varðar mál 167, úttekt á gjaldmiðilsmálum og mál 287 um mótun efnahagsstefnu án alþjóðagjaldeyrissjóðsins tekur LEB ekki afstöðu og mun því ekki senda umsögn.

Fh. Landssambands eldri borgara

Helgi K. Hjálmsón, formaður

Valgerður K. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri